

# KEPPNI FRÖNSKUNEMA 2026



## Frönskukeppni grunn- og framhaldsskóla verður haldin í mars.

Keppnin er haldin í samvinnu Félags frönskukennara á Íslandi, Sendiráðs Frakklands á Íslandi og Alliance française á Íslandi. Keppnin er tvískipt, annars vegar fyrir grunnskólanema og hins vegar fyrir framhaldsskólanema. Veitt eru verðlaun fyrir fyrsta til þriðja sæti á báðum skólastigum.

Allir skólar þar sem franska er kennd geta tekið þátt í keppninni. Myndbandið getur verið annaðhvort einstaklingsverkefni eða hópverkefni (tveir nemendur saman hámark).

Hugmyndin í ár er að tengja keppnina við átakið „[Franska er málið](#)“ og nemendur eiga því að útbúa stutt myndband sem mætti dreifa á samfélagsmiðlum til að „auglýsa“ frönsku með efni sem höfðar til ungmenna.

**Þema keppinnar í ár er „Fjör í frönsku“.** Myndbandið á að vera á frönsku með íslenskum texta til þess að geta dreift vinningsmyndböndunum á samfélagsmiðlum.

## REGLUR



1. Hver skóli má senda inn að hámarki 3 myndbönd.
2. Eingöngu á að vera **franskt tal** í myndbandinu með íslenskum texta.
3. Tal verður að vera **skýrt og vel skiljanlegt** og gæta þarf að umhverfishljóðum.
4. Myndbandið verður að vera 3 mínútur að lengd. Talað mál verður að vera **a.m.k. 2 mín. og skipta skal tali / samtölum nokkurn veginn jafnt milli nemenda**.  
Myndböndum vinningshafa verða skipt upp í styttri myndbönd fyrir samfélagsmiðla.
5. **Myndbandið á að vera tekið upp lóðrétt eins og reel-myndband.**
6. **Hljóð- og myndgæði** þurfa að vera góð.
7. **Leyfilegt er að fá utanaðkomandi aðstoð við upptökuna.**
8. **Nöfn þátttakenda** þurfa að koma fram í heiti skjals ekki nafn skólans eða kennara.
9. Allir frönskunemendur geta keppt fyrir utan þá sem hafa dvalið **lengur en 6 mánuði** í frönskumælandi landi og þá sem eiga frönskumælandi foreldri og nota frönsku í daglegum samskiptum við fjölskyldu sína.

**Helstu matsþættir** auk ofanritaðs eru málfar og framburður. Upptaka og sviðsetning, tæknileg atriði (s.s. klipping, hljóð, tölur o.s.frv.) kemur einnig inn í matið.

**Síðasti skiladagur þátttakenda til kennara síns er 16.mars 2026.**

**Síðasti skiladagur kennara til dómnefndar er á miðnætti mánudaginn 23. mars 2026.**

**Ekki er tekið við myndböndum eftir að skilafrestur er runninn út**

Dómnefndin gerir upp hug sinn og verðlaunahafar verða tilkynntir rétt fyrir keppnisdaginn.

**Dagsetning á kynningu vinningshafa og verðlaunafhendingu verður tilkynnt síðar.**

Myndböndum verðlaunahafa verður varpað á tjald í návist keppendanna (ef þeir komast), fjölskyldna þeirra og annarra frönskuvina ásamt dómnefndinni.

Vinningshafar fá tækifæri til að dreifa efninu sínu á samfélagsmiðlum undir merkjum átakans „Franska er málið“.

<https://franskaermalid.is/>